

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Grunntónfræði G1

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur:

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Farið í algjör grunnatriði í táknmáli tónlistarinnar, nótnaskriftina og tengd atriði. Nótningaritun er kennd bæði í G- og F-lykli. Auk óbreyttra tóna er unnið með hækkaða og lækkaða tóna, dúrtónstiga með allt að einu formerki, hljómborðið, einfalda hrynjandi og einfaldan hryn- og sönglestur. Tónbil og tóndæmi af einföldustu gerð eru greind eftir heyrn og upprituð.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á grunnatriðum í táknmáli tónlistarinnar. Hann þekki nótur í G- og F-lykli mism. lengdir þeirra og hvernig má hækka þær og lækka. Hann þekki dúr tónstiga með allt að einu formerki og geti greint flest tónbil innan áttundar eftir heyrn, þekki hljómborðið og hvernig einfaldur taktur lesinn og einföld melódía sungin.

Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að lesa einföld nótnaferli og skrá niður einfaldan tónvef. Hann hafi öðlast leikni í að nýta þekkingu sína í nótnalestri í hljóðfæraleik og söng og virkja tengsl tónfræðiþekkingar við tónlistariðkun hverskonar.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt ýmissi tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Einnig er hann nú hæfur til að halda áfram í frekara tónfræðinámi í G2.

Námsgögn:

Dularfulla nótnabókin, nótnaskrifbók og ýmis verkefni glósur frá kennara.

Námsmat:

Námsmatsþáttur	Vægi
Vinnubók þ.m.t. ýmis tónheyrnarverkefni	80 %
Sönglestur	10 %
Hrynlestur	10 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Farið yfir nauðsynleg námsgögn vetrarins.	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Hljóð, tíðni og tónn útskýrt sem bylgja. Nótastrengur og nótur kynntar sem tákn fyrir tóna. G-lykill skoðaður og æfingar í nótaskrift hefjast.	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng. Leikni í að nefna nótur í tilviljunark. röð á hæfilegum hraða æfð.	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng Algengustu tónbil kynnt og greind á blaði og aðferðir við að þekkja mun þeirra eftir heyrn skoðaðar.	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng Tónbil greind eftir heyrn.	
6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng Nótalengdir kynntar og skrifaðar niður. útskýrð stefna og staðsetning nótnahálsa og fána. Hrynjandi í 2/4 útskýrð og einfaldur hrynlestur kynntur	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (17. – 21. Okt 2022)	Þjálfun einfalds sönglesturs Þjálfun einfalds hrynlesturs Lítill og stór bil C-dúr tónstigi kynntur, sunginn og skráður niður.	
8. vika (24. – 28 Okt 2022)	Hrynjandi rifjuð upp og takttegundirnar 2/4, 3/4 og 4/4 útskýrðar. Bætt inn taktvísun, taktstrikum, nótum eða þögnum í ýmsum verkefnum. Hrynlestur þjálfaður Hrynupprit þjálfað Sönglestur þjálfaður	
9. vika (31. Okt – 4. Nóv 2022)	Nótnaskrift með hækkunum og lækkunum útskýrð og þjálfuð. Hljómborð kynnt og nótur þess tilgreindar. Hljómborðið teiknað upp og merkt við heiti nótnanna.	
10. vika (7. – 11. Nóv 2022)	C-, G- og F-dúr. Tónbilagreining eftir heyrn. Söngur af blaði Einfalt lagupprit	
11. vika (14. – 18. Nóv 2022)	F-lykill kynntur og nótur skráðar í honum með áttundaheitum. C-dúr í F-lykli. Tónbilagreining eftir heyrn. Hljómborð rifjað upp.	
12. vika (21. – 25. Nóv 2022)	C-, G- og F-dúr í G-lykli og F-lykli. Tóntegundirnar sýndar á nótnastreng og hljómborði og nemendur læra að skrá þær þar inn.	
13. vika (28. Nóv – 2. Des 2022)	5-6 algeng hljóðfæri kynnt og tónn þeirra. Nemendur reyna að þekkja tón þeirra eftir heyrn. Nótnaskrift í G- og F-lykli rifjuð upp Sönglestur Hrynlestur	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9. Des 2022)	Tónbilagreining eftir heyrn. Taktgreining. Bætt inn taktvísunum, taktstrikum, nótum eða þögnum í ýmsum verkefnum.	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Nótnaskrift með hækkunum og lækkunum rifjuð upp. Sönglestur. Hrynlestur Laglínupprit Hrynupprit	Stutt tímakönnun á þekkingu nemenda og færni í námsefninu fram að jólum
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Jólatími, eithvað skemmtilegt gert.	